

Jafnréttisstefna RSÍ

Lagt fram á Sambandsstjórnarfundi 2.-3. maí 2025

Staðfest á sambandsstjórnarfundi/þingi árlega.

1. Að starfsfólk og fólk í trúnaðarstörfum fái greidd sömu jöfn laun og búi við sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kynferði, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum, kynjátningu eða öðrum ómálefnalegum þáttum.
2. Að starfsfólk og fólk í trúnaðarströrfum eigi jafna möguleika á lausum störfum, þátttöku í starfshópum og nefndum, starfsþróun, símenntun og endurmenntun óháð kynferði, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum, kyntjáningu, eða öðrum ómálefnalegum þáttum.
3. Einelti, kynferðisleg- og kynbundin áreitni og ofbeldi er ekki liðið hjá Rafiðnaðarsambandi Íslands.
4. Rafiðnaðarsamband Íslands leggur áherslu á að starfsfólk og félagsfólk í trúnaðarstörfum geti samræmt vinnu og einkalíf.
5. Rafiðnaðarsamband Íslands leggur áherslu á að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og að vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kynjanna.
6. Stefna skal að jöfnu kynjahlutfalli meðal starfsfólks og félagslega kjörinna fulltrúa innan Rafiðnaðarsambandsins og að störf flokkist ekki sem kynjuð störf.
7. Við hugum að vellíðan starfsfólks og félagslegra kjörinna fulltrúa og vinnum að heilsutengdum forvörnum, öryggi og vinnuvernd.
8. Við sköpum starfsfólki og félagslega kjörnu félagsfólki tækifæri til að þróa færni og hæfni, sækja sér endurmenntun og vinna með styrkleika sína að verkefnum sem það brennur fyrir.
9. Við hlúum að mannlega þættinum í öllum störfum okkar. Við vinnum saman að úrlausn verkefna, stundum fagleg vinnubrögð, miðlum upplýsingum, beitum virkri hlustun, deilum þekkingu og veitum hvert öðru stuðning.
10. Við sýnum kurteisi og virðingu og hvetjum hvert annað áfram, veitum uppbyggilega endurgjöf og hrósum fyrir góðan árangur.

Jafnréttisnefnd RSÍ 2025.